

**Ed. 710. Frumvarp til laga** [302. mál]  
um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

21. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafa verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að undurútgæfið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast, skulu sýna fram á að þau hlutabréf, sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi, hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum skal innheimta 2% stimpilgjald af öllum hlutabréfum, þ. á m. þeim hlutabréfum sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfum. Á móti er fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða stimpilgjald af þeim hlutabréfum sem úr gildi hafa verið felld. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að endurútgæfin hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skuli undanþegin gjaldi við stimplun, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Sjónarmið það, sem hér býr að baki, er fyrst og fremst það, að ósanngjarnt þykir að heimta stimpilgjald af bréfum þessum þar sem ljóst er að útgáfa þeirra hefur engin áhrif á raunverulegt verðmæti eigin fjár viðkomandi félaga. Jöfnunarhlutabréf eru t. d. aðeins gefin út til þess að halda raungildi bréfanna óbreyttu. Í kjölfar gjaldmiðilsbreytingarinnar hafa mörg félög viljað gefa út ný hlutabréf í nýkrónum. Núgildandi ákvæði leiðir til þess, að þau veigra sér við slíku vegna gjaldtöku þeirrar sem af endurútgáfunni leiðir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að umrædd bréf verði stimpluð án gjaldtöku, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

- a) Sé um endurútgáfu hlutabréfs að ræða skal hið nýja bréf bera með sér að það komi í stað eldra bréfs. Jafnframt skal sýna fram á að hið eldra bréf hafi verið úr gildi felld.
- b) Sé um jöfnunarhlutabréf að ræða skal koma fram í því að svo sé. Jafnframt skal sá, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðist, sýna fram á að útgáfa viðkomandi jöfnunarhlutabréfa sé í samræmi við heimild til slíkrar útgáfu án þess að slík útgáfa teljist til skattskyldra tekna hjá hlutareiganda, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
- c) Gjaldfrjáls stimplun kemur aðeins til greina fari stimplun fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu bréfanna.